

## Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

10. fundur stjórnar 2023-2024 föstudaginn 9. febrúar 2024  
kl. 12.00 – 14.00 haldinn í Gimli, stofu 301 og á Teams.

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Guðný Björk Eydal, Hólmfríður Garðarsdóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir. Á Teams: Grétar Þór Eypórsson og Þóroddur Bjarnason.  
Forföll: Ólafur Páll Jónsson og Zophonías Oddur Jónsson.  
Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

### Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 9. stjórnarfundar frá 26. janúar 2024 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
2. Kröfugerð félagsins í komandi kjaraviðræðum. (Fskj. 2-5)
  - a) Almennar kröfur.
  - b) Sérkröfur prófessora, 2-3 helstu mál.
  - c) Kröfur á stjórnvöld.
3. Kjaramál prófessora við HÍ.
  - a) Launasetning prófessora við HÍ. Gagnaöflun.
  - b) Útreikningur á tímafjölda að baki námskeiða á sviðum HÍ. Framhald.
  - c) Sáttmálasjóður. Framhald.
4. Kjörnefnd FPR. Tillaga að verklagsreglum. (Fskj. 6)
5. Næsti stjórnarfundur.
6. Önnur mál.

### Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Fundargerð 9. stjórnarfundar frá 26. janúar 2024.
2. Kröfur og áherslur FPR frá 7. mars 2023.
3. Áherslur háskólastigins (FPR, FHA, FH) 2023.
4. Minnisblað BHM um laun prófessora, 17. janúar 2023.
5. Árangur BHM í kjaramálum 2006-2023.
6. Verklagsreglur kjörnefndar FPR, tillaga.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.05.

### 1. Fundargerð 9. stjórnarfundar frá 26. janúar 2024 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj.1)

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

### 2. Kröfugerð félagsins í komandi kjaraviðræðum. (Fskj. 2-5)

#### a) Almennar kröfur.

Samkomulag um viðræðuáætlun FPR við ríkið var undirritað þann 26. janúar sl. Formaður sagði frá vinnu sem er í gangi varðandi sameiginlega kröfugerð með háskólafélögunum.

#### b) Sérkröfur prófessora.

Umræða var um hver yrðu sérmál FPR í komandi kjarviðræðum.

#### c) Kröfur á stjórnvöld.

Nokkur mál voru rædd eins og námslánakerfið sem þyrfti að endurskoða.

### 3. Kjaramál prófessora við HÍ.

#### a) Launasetning prófessora við HÍ. Gagnaöflun.

RBG hefur kallað eftir upplýsingum frá launaskrifstofu annars vegar og vísinda- og nýsköpunarsviði hins vegar til að geta framkvæmt greiningu á launakjörum prófessora við HÍ. Nauðsynlegt er að fá þessi gögn til að geta greint hvort ómálefnalegur munur sé á launum, rannsóknarstigum og þóknunargreiðslum innan skólans eins og áður hefur komið fram. Málið er í skoðun út frá persónuvernd.

#### b) Útreikningur á tímafjölda að baki námskeiða á sviðum HÍ. Framhald.

RGB sagði frá starfshópi rektors HÍ sem vinnur að því að skoða útreikning á tímafjölda að baki námskeiða og mögulega samræmingu. Formaður hópsins gerði grein fyrir vinnu starfshópsins á fundi háskólaráðs þann 1. febrúar sl. Skipunartími starfshópsins var framlengdur til loka vormisseris 2024 og á að skila tillögu til háskólaráðs um útfærslu samræmingar á útreikningi tímafjölda að baki námskeiða við HÍ fyrir lok apríl nk. Stefnt er að niðurstöðu á fundi háskólaráðs í júní nk.

#### c) Sáttmálasjóður. Framhald.

Eins og kom fram á síðasta fundi verða viðbrögð félagsins vegna samþykktar háskólaráðs um Sáttmálasjóð skoðuð í samstarfi við FH. Formaður upplýsti að málið er enn í skoðun.

### 4. Kjörnefnd FPR. Tillaga að verklagsreglum. (Fskj. 6)

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu kjörnefndar að verklagsreglum fyrir nefndina. Verklagsreglurnar voru samþykktar með breytingum.

### 5. Næsti stjórnarfundur.

Næsti stjórnarfundur verður föstudaginn 16. febrúar kl. 12-14. Vilhjálmur Hilmarsson hagfræðingur BHM kynnrir samantekt á launum og kaupmáttarþróun innan BHM 2018-2023 með áherslu á prófessora. Fundurinn verður í Öskju, stofu N120 (Gjá).

### 6. Önnur mál.

#### a) Starfsþróunarsjóður prófessora.

GBE talaði um nauðsyn þess að endurskoða reglur sjóðsins og samhliða því breyta umsóknareyðublaðinu til að auðvelda fólkið að sækja um styrk.

Framkvæmdastjóri sagði frá fundi með BHM um að skoða möguleikann á því að fá aðgang að umsóknarvef bandalagsins og kostnaði því samfara.

#### b) Endurskoðun rannsóknarmats í Evrópu.

RBG sagði frá samkomulagi um endurskoðun rannsóknarmats í Evrópu sem HÍ hefur undirritað. Slíkt kerfi mun væntanlega breyta stigamatskerfi akademískt starfsfólks hér á landi. Nauðsynlegt er að fá nánari upplýsingar frá rektor með kjör prófessora í huga.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.52.

Fundarritari: LP.